



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/325*  
*komudagur 2.11.2012*

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

2. nóvember 2012  
Tilvísun: 2012100039/10.4

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um neytendalán, 220. mál.**

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 18. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um neytendalán.

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á tilskipun 2008/48/EB og átti Fjármálaeftirlitið aðkomu að samningu þess. Fjármálaeftirlitið gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið og telur þær breytingar sem orðið hafa á frumvarpinu frá 140. löggjafarþingi til bóta og styður framgang þess.

Með vísan til umsagnar Fjármálaeftirlitsins, dags. 9. maí sl., um frumvarpið sem lagt var fram á 140. löggjafarþingi (þskj. 1137, 704. mál), þykir rétt að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri:

- Frumvarpið er efnismikið og er því mikilvægt, verði það að lögum, að gefið verði út skýringarrit um efni þeirra. Slík útgáfa stuðlar að því að lögin nái því markmiði sem að er stefnt og að neytendur verði betur upplýstir um réttarstöðu sína.
- Í ljósi ákvæða um lánsþæfis- og greiðslumat, sbr. 10. gr. frumvarpsins, er áriðandi, verði það að lögum, að reglugerð um sama efni, sbr. 5. mgr. 10. gr. frumvarpsins, verði gefin út hið fyrsta.

Verði frumvarpið að lögum er ljóst að upplýsingaskylda lánveitenda mun aukast nokkuð og má því gera ráð fyrir að eftirlitsskyldir aðilar sem stunda útlánastarfsemi verði tímabundið fyrir kostnaðarauka við að uppfylla nýjar og auknar kröfur samkvæmt frumvarpinu. Til lengri tíma litið eru þó líkur á því að hin aukna upplýsingagjöf lánveitenda og ítarleg lánsþæfis- og greiðslumöt leiði til þess að framtíðarlántakar muni greiða vexti og kostnað af sinni lántöku í meira samræmi við þá áhættu sem samfara henni er. Slíkt verður vonandi til þess að stuðla að enn betri áhættustýringu hjá eftirlitsskyldum aðilum sem stunda útlánastarfsemi.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

*Halldóra E. Ólafsdóttir*  
Halldóra E. Ólafsdóttir

*Berglind Helga Jónsdóttir*  
Berglind Helga Jónsdóttir